

Vöxtur og verðmæti á Iðnþingi 2009



Iðnþing Samtaka iðnaðarins snerist að þessu sinni um vöxt og verðmæti. Farið var ofan í kjöllinn á þeim efnahagsvanda sem nú blasir við og hvaða tækifæri og möguleikar eru fyrir hendi. Þingið var afar vel sótt og þótti takast sérlega vel.

Jón Steindór Valdimarsson opnaði þingið og kynnti helstu niðurstöður aðalfundar sem fram fór fyrir um daginn.

Þá kom fram hjá þeim sex framsögumönnum sem tóku til máls mikilvægi þess að takast á við verkefnið og líta björtum augum fram á veginn.

Nánar um Iðnþing bls. 3, 6 og 7.



Ólafur Ísleifsson, framsögumaður á Iðnþingi ræðir við Madeleine Ströje Wilkens sænska sendiherrann og Lasse Reimann danska sendiherrann

Samtökin fagna 100% endurgreiðslu VSK

Alþingi samþykkti nýverið lög um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu á byggingastað íbúðarhúsnæðis. Lögin eiga við nýframkvæmdir og viðhald eldra íbúðarhúsnæðis auk vinnu við nýbyggingar, viðhald og viðbætur sumarbústaða. Þá er nýlunda að allar fasteignir sveitarfélaga falla undir lögin. Nýju lögin gilda til 1. janúar 2011.

„Þetta mál hefur verið kappsmál Samtaka iðnaðarins frá því kreppan skall á í haust,“ segir Árni Jóhannsson, forstöðu-

maður mannvirkjasviðs SI. Samtökin fagna þessum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Lögin séu auðveld í framkvæmd fyrir húsbýggjendur, en Árni



vekur athygli á að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða.

„Löggjafinn er með öðrum orðum að hvetja húsbýggjendur og íbúðaeigendur til að nýta lágt verð og tímabundna endurgreiðslu og stuðla þannig að auknum umsvifum og meiri vinnu í byggingargreinum.“ Þetta geri það einnig að verkum að ástæðulaust sé með öllu fyrir húsbýggjendur að sækjast eftir svartri vinnu.

bls. 2

Iðnþingsritið 2009

bls. 3, 6 og 7




Umfjöllun um Iðnþing SI

bls. 9



Ísland fær undanþágu frá hvíldartíma ökumanna

bls. 11



Iðn- og tæknimenntuðum þarf að fjölga

bls. 12



Byggingaiðnaður má ekki stöðvast

Veljum okkur framtíð



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Kosningar til alþingis eru undir lok þessa mánaðar. Nýrrar Kríksstjórnar bíða mikil og erfið verkefni. Gangverk samfélagsins hefur orðið fyrir alvarlegum skakkaföllum og morgunljóst er að róttækra breytinga er þörf til að koma því í lag að nýju. Þeir sem bjóða sig fram til þings og óska þar með eftir umboði kjósenda til þess að stýra landinu á miklum örlagatímum verða að tala skýrt og tæpitungulaust um fyrirætlanir sínar. Þeir verða að gera grein fyrir hvernig þeir ætla að greiða úr málum til skamms og langs tíma. Þeir verða að gera grein fyrir sinni framtíðarsýn fyrir hönd Íslands og hvernig þeir hyggjast gera hana að veruleika.

Svart á hvítu

Atburðarás síðustu mánaða og missera hefur sýnt svart á hvítu að íslenskt efnahagskerfi getur ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil ef Íslendingar ætla sér að vera í framvarðasveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum.

Atvinnulífið er að sligast undan ofurvöxtum, verðbólgu, gengisbreytingum, gjaldeyrishöftum og höktandi bankakerfi. Sama gildir um fjölmörg heimili og atvinnuleysi er í áður óþekktum hæðum. Bankakerfið hrundi og er enn óburðugt, við búum við gjaldeyriskreppu og ströng gjaldeyrishöft sem hefur leitt til þess að við höfum hafnað eigin gjaldmiðli í viðskiptum. Staðan er grafalvarleg og því sorglegt að horfa til sundurlyndis og stefnuleysis sem hefur einkennt framgöngu margra stjórnmalamanna og þar með stjórnvalda. Hefðbundið innihaldslaust karp er enn sem fyrr of stór þáttur í störfum Alþingis og þeim sem taka þátt til lítils sóma.

Hvorki töfralausnir né skyndilausnir

Vandinn er ærinn. Hann verður ekki leystur með fingrasmelli. Úr honum verður að vinna sig með harðfylgi og þrautseigju. Sá sem heldur öðru fram fer með blekkingar. Við verðum að snúa við blaðinu og taka úr sambandi þá þætti sem gera okkar vanda miklu verri en annarra þjóða og erfitt um vik að skapa aðstæður til þess að iðnaður og annað atvinnulíf vaxi og dafni.

Allir vita að háir vextir, mikil verðbólga, örar og stórar gengissveiflur með minnsta fljóttandi gjaldmiðli heimsins er ekki blanda sem hentar farsælli uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs sem getur af sér fyrirtæki á heimsmælikvarða. Fyrirtæki sem enginn velkist í vafa um að hagfelld sé að reka á og frá Íslandi. Flestir eru því orðnir þeirrar skoðunar að hér verði að gera grundvallarbreytingar og taka upp nýtt kerfi efnahags- og peningamálastjórnar. Kerfi sem auðveldar stjórnvöldum eins og kostur er að halda stöðugleika í efnahagslífinu, vöxtum og verðbólgu í skefjum og draga að mestu úr gengissveiflum.

Við blasir leið sem stendur okkur opin, a.m.k. enn. Um hana vita allir en að sama skapi hugnast hún ekki öllum af


ýmsum ástæðum. Þeir hinir sömu vilja fara aðrar leiðir en enginn hefur með sannfærandi hætti bent á að þær séu færar eða muni leiða til jafngóðrar eða betri niðurstöðu en sú sem við blasir. Sú leið kann að vera seinfarin og leiðar- endi því ekki innan seilingar en eitt er þó víst að þangað kemst ekki sá sem aldrei leggur af stað.

Göngum hreint til verks

Í síðasta leiðara þessa blaðs var sagt að hugrekki væri forsenda trausts. Það skal endurtekið hér. Nú ríður á að til forystu veljist fólk sem hefur hugrekki til þess að horfast í augu við staðreyndir og taka erfiðar ákvarðanir. Við þurfum fólk með skýra framtíðarsýn sem er staðráðið í því að sjá til þess að íslensk fyrirtæki stækki og dafni hér á landi um leið og þau hafa öll tækifæri til þess að ná árangri á alþjóðlegum markaði og ekki síður að erlend fyrirtæki og erlendir fjárfestar sjái sér hag í starfsemi hér á landi. Forsenda þess er að okkur Íslendingum auðnist að byggja upp traust á íslensku efnahagslífi og efnahagsstjórn, hratt og örugglega.

Takist okkur þetta ekki munu lífskjör versna og atvinnulífið verða einhæft - þá framtíð vill vonandi enginn frambjóðandi til þings bjóða okkur kjósendum. Við þurfum ekki slíka stjórnmalamenn.

Rit Iðnþings 2009



Ritið *Vöxtur og verðmæti. Mótum eigin framtíð* var lagt fram á Iðnþingi 2009.

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, ritstýrði Iðnþingsritinu að þessu sinni. Í því eru fjölmargar greinar er lúta að tækifærum á vexti og verðmætasköpun hér á landi auk þess sem rætt er um efnahagsmálin. Ritið er að finna á vefsetrinu www.si.is undir Iðnþing 2009 og á skrifstofu Samtakanna.

Ný stjórn kjörin á Iðnþingi

Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með 92,4% atkvæða en formaður er kosinn til árs í senn. Helgi er að hefja fjórða kjörtímabil sitt sem formaður.

Sigurður Bragi Guðmundsson gekk úr stjórninni. Samkvæmt lögum SI getur stjórnarmaður ekki setið lengur en sex ár samfleytt og var Sigurður Bragi því ekki lengur kjörgengur.

Helmingur stjórnar er kosinn á hverju

ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Andri Þór Guðmundsson, Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem er nýr í stjórninni, Aðalheiður Héðinsdóttir Kaffitári, Loftur Árnason Ístaki og Tómas Már Sigurðsson Alcoa Fjarðaáli, sem öll gáfu kost á sér til endurkjörs. Fyrir í stjórninni voru Anna María Jónsdóttir, Ingvar Kristinsson og Þorsteinn Víglundsson.

Þau sem voru næst því að ná kjöri til

stjórnar taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru Andrés Gunnlaugsson, Bolli Árnason, Magnús Hilmar Helgason, Sigurður Eggert Gunnarsson og Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir.

Kosningabátttaka var að vanda mjög góð eða 77% en kosningin er póstkosning sem fer fram dagana fyrir Iðnþing og eru atkvæði félagsmanna í samræmi við greidd félagsgjöld.



Nýr stjórnarmaður Samtakanna

Andri Þór Guðmundsson er forstjóri og annar aðaleigenda Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson. Hann hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2002 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og tók við sem forstjóri árið 2004. Árið 2007 keypti hann í félagi við Októ Einarsson Ölgerðina og Danól og voru fyrirtækin sameinuð í kjölfarið. Andri er með MBA próf frá Rotterdam School of Management (RSM) frá 2002 og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1992. Hann var fjármálastjóri og síðar aðstoðarforstjóri hjá Lýsi hf. 1994 til 1999 og markaðsstjóri Almenna bókafélagsins frá 1992 til 1994. Á háskólaárunum var hann m.a. formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta og sinnti ýmsum trúnaðarstörfum á vegum stúdenta. Andri er í sambúð með Ragnheiði Ragnarsdóttir og eiga þau þrjú börn.

Ályktun Iðnþings - 5. mars

Forgangsmál *Lækka vexti
Endurreisa bankakerfið
Afnema gjaldeyrishöft
Semja við erlenda kröfuhafa
Auka útflutningstekjur
Blása lífi í fasteignamarkaðinn
Sækja um aðild að ESB og taka upp evru*

Ótrúleg umskipti hafa orðið í efnahagslífinu á undanförunum misserum. Atvinnulífið er að sligast undan ofurvöxtum, verðbólgu, gengisbreytingum, gjaldeyrishöftum og höktandi bankakerfi. Sama gildir um fjölmörg heimili og atvinnuleysi hefur ekki verið meira um langt árabil.

Sundurlyndi og stefnuleysi stjórnmalamanna og stjórnvalda sem bera ábyrgð á verkstjórn og úrlausn ýmissa lykilþátta sem greiða verður úr er grafalvarlegt. Mikilvægur tími hefur farið til spillis að óþörfu og mál til komið að stjórnmalamenn, þing og ríkisstjórn snúi bökum saman í stað þess að eiga í hefðbundnu innihaldslausu karpi sem engu skilar.

Án frekari tafa verður að lækka vexti. Það er algjört forgangsmál. Þá verður að ná samkomulagi við erlenda eigendur krafna til þess að unnt verði að losa um gjald-eyrishöft. Brýnt er að tryggja að íslensk fyrirtæki eigi aðgang að bönkum sem geta veitt eðlilega bankapjónustu, ekki síst aðgang að erlendu lánsfé og bankatryggingum vegna viðskipta. Það verður ekki gert nema með því að semja við erlenda kröfuhafa bankanna, eins eða fleiri, um eignarhald.

Ungt fólk þarf þak yfir höfuðið. Aðstæður á fasteignamarkaði gera það nánast ómögulegt. Hækka verður hámarkslán Íbúðalánasjóðs og breyta lánareglum þannig að unnt sé að byggja og selja minni íbúðir. Það er mikilvægur liður í því að hjóla byggingariðnaðarins taki að snúast að nýju.

Margt bendir til að íslenskt efnahagskerfi geti ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil ef Íslendingar ætla sér að vera í framvarðasveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf í senn að leysa þann bráðavanda sem að steðjar og marka stefnu til framtíðar. Mikilvægur og ómissandi þáttur er grundvallarbreyting í peningamálum og stjórn efnahagsmála. Þar er eina raunhæfa leiðin að ganga í ESB og taka upp evru. Stjórnvöld verða að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum.

Þrátt fyrir áföll og erfiðleika sem herja á okkur um þessar mundir má ekki gleyma að tækifærin blasa við okkur hvert sem lítið er. Við eigum auðlindir, mannauð og hugmyndir sem við þurfum að flétta saman af hugviti og fyrirhyggju til að auka útflutningstekjur ásamt því að skapa viðvarandi stöðugleika. Takist okkur það mun okkur vel farnast.



Halldór Stefánsson verkefnastjóri og Teitur Stefánsson framkvæmdastjóri

Akur fær C-vottun

Trésmiðjan Akur á Akranesi hlaut fyrir skömmu viðurkenningu um C-vottun. Stjórnendur fyrirtækisins telja kostinn við að vinna eftir gæðafærlinu ótvíræðan. Það bæti alla þætti rekstrar og stjórnun fyrirtækisins er varða samskipti við samstarfsaðila.

Næstu vikur og mánuði er unnið markvisst að því að ná næsta skrefi, B-vottun, í vottunarferli Samtakanna.

GV gröfur hlutu D-vottun



Við afhendingu vottunarinnar, Valdimar Kristjánsson, Gísli Gunnlaugsson, tæknimaður og Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar SI

GV gröfur ehf. hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar SI og hlotið D-vottun. Guðmundur V. Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að margir viðskiptavinanna, sérstaklega opinberir aðilar, séu farnir að gera kröfur um gæðakerfi.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari. Fyrirtækið fer í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Guðmundur segir nauðsynlegt að hafa gæðakerfi og þessu kerfi sé treyst.

GV gröfur voru stofnaðar árið 1995 og hefur starfsemin aðallega tengst gatnagerð og lagnavinnu tengdri henni, hitaveituframkvæmdum, fjarskiptalögnum og ýmissi þjónustu við byggingarverktaka.

Hörður hættir sem forstjóri Marel

Hörður Árnason forstjóri Marel til tíu ára lætur af störfum hjá fyrirtækinu og við starfi hans tekur Theo Hoen sem gegnt hefur forstjórastöðu Stork Food Systems sem Marel keypti á síðasta ári. Þá lætur Lárus Ásgeirsson, framkvæmdastjóri sölu, einnig af störfum. Stjórn Marel hefur komist að samkomulagi við Theo um að leiða sameinuð fyrirtæki Marel Food Systems og Stork Food Systems.

Sigsteinn Grétarsson verður við hlið Theo í framkvæmdastjórn félagsins auk fjármálastjórans, Erik Kaman. Höfuðstöðvar fyrirtækisins verða áfram á Íslandi.

Á aðalfundi félagsins árið 2006 kynnti félagið áætlun um vöxt í tveimur þrepum. Fyrri þrepinu lauk með kaupunum á Stork Food Systems á síðasta ári. Í seinna þrepinu verður áhersla á að ná fram samlegðaráhrifum af samruna fyrirtækjanna og að auka arðsemi félagsins.

Í tilkynningu segir að Theo hafi náð mjög góðum árangri sem forstjóri Stork Food Systems frá árinu 2001, en hann

búi yfir 25 ára reynslu í iðnaðinum og hafi áður meðal annars verið í forsvari fyrir vöruþróun

og framleiðslu fyrirtækisins. Undir hans stjórn hafi Stork skapað sér sess sem leiðandi fyrirtæki í þróun og framleiðslu á búnaði til vinnslu á kjúklingi og náð mjög góðum fjárhagslegum árangri með rekstrarhagnað upp á 10-12%.

„Hörður og Marel hafa í hugum margra verið eitt og hið sama enda jafnan talað um Hörð í Marel. Það eru vissulega tíðindi þegar skipt er um forstjóra í eina helsta iðnfyrirtæki landsins“, segir Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI. "Hörður sat í sex ár í stjórn SI og hefur verið mjög virkur í félagsstörfum og hagsmunabaráttu iðnaðarinnar. Ég vona að hann skjóti fljótlega upp kollinum innan iðnaðarinnar. Ég er viss um að Marel verður eftir sem áður traustur félagsmaður SI og óska nýjum stjórnendum, þeim Sigsteini og Theo velfarnaðar."



Ný stjórn FÍG



Frá vinstri, Sif Ægisdóttir, Kjartan Örn Kjartansson, Ástþór Helgason, Lovisa Halldórsdóttir og Reynir Már Ásgeirsson

Reynir Már Ásgeirsson var kjörinn nýr formaður Félags íslenskra gullsmiða á aðalfundi félagsins fyrir skömmu. Haukur Valdimarsson fráfarandi formaður lét af störfum. Langafi Reynis var Guðlaugur A. Magnússon gullsmiður sem hóf starfsemi árið 1924, sama ár og stjórn félagsins var stofnuð. Hann sat í stjórn FÍG fyrstu starfsár þess en í félaginu eru bæði gull- og silfursmiðir. Reynir segir afar ánægju-

legt hversu mikið traust og aðhald félagsmenn hafi sýnt þann tíma sem félagið hafi verið starfrækt. Fagið eigi sér langa sögu og gullsmíðin gefi af sér bæði fagurfræðilegt gildi og praktíska hluti auk þess að móta menningu okkar. Með því að veita faglega þjónustu og ráðgjöf viðhaldist það traust sem íslenskir gullsmiðir hafi áunnið sér.

Af hverju ég en ekki þú?

Margir af opinberum verkkaupum landsins gera kröfu til verktaka um að sýna fram á hæfni sína til stjórnunar verklegra framkvæmda við útboð áður en gengið er til samninga um verk. Verkaupinn þarf að vita um getu verktakans til að stjórna framkvæmdinni. Ótrúverðugum bjóðendum þarf að vera hægt að vísa frá strax á tilboðsstigi. Gæðatrygging er því að verða nauðsynleg fyrir verktaka sem hafa hug á að taka að sér framkvæmdir fyrir opinbera aðila.

Þegar kaupa á vöru getur viðskiptavinurinn prófað hvort hún uppfyllir væntingar hans. Óreist mannvirki er hins vegar hugmynd í höfði viðskiptavinarins þegar samningur er gerður og er því ekki hægt að skoða. Þá verður verkkaupi að tryggja hagsmuni sína með því að krefjast þess að verktaki sýni fram á hæfni sína til að ráða við verkefnið. Samkvæmt ISO staðlinum er gæðatrygging skilgreind svo „Viðskiptamaðurinn á að geta treyst því að vara sé í samræmi við settar kröfur með því að verktakinn sýni fram á hæfni sína til hönnunar, þróunar, framleiðslu, uppsetningar og fylgijónustu.“

Því er spurning hvort allir aðilar eigi ekki að sýna fram á hæfni sína með því að leggja fram það sem ISO 9000:2000 nefnir gæðatryggingu. „Gæðatrygging er sá hluti gæðastjórnunar er beinist að því að veita tiltrú að gæðakröfur muni uppfylltar.“

Hvað gerir gæðatryggingu trúverðuga?

Þrátt fyrir góð fyrirheit í gæðatryggingu er ekkert sem hindrar að hún sé orðin



Ferdinand Hansen
verkefnastjóri gæðastjórnar

tóm. Þess vegna þarf verkkaupi að rýna í árangur verktaka af stjórnun fyrri verka og bera saman við tilboð hans um gæðatryggingu. Slíkt er þó óþarfi ef viðkomandi fyrirtæki er með vottun um að það verklag sem lýst er í gæðatryggingunni sé almennt notað í fyrirtækinu og stjórnendur hafi hlotið þjálfun til að framfylgja því.

Vottun kemur ekki í stað rýni gæðatryggingar

Leggja þarf fram skjalfesta gæðatryggingu því ekki er nóg að sýna ISO 9001 skírteinið. Ef viðskiptavinurinn gjörþekkir ekki stjórnunarleg og fagleg vinnubrögð verktakans er útilokað að hann geti borið þau saman við eigin kröfu og því síður haft eftirlit með því að unnið sé samkvæmt því sem lofað er. Erfitt er að herma loforð upp á þann sem ekki vill upplýsa hverju hann lofar. Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Nýir félagsmenn

Glaumur verktakafélag ehf.
Birkihæð 5
210 Garðabæ

CRI ehf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Filmus ehf.
Grettisgötu 87
105 Reykjavík

Steingarður ehf.
Akralind 7
201 Kópavogur

Nýsköpunarverðlaunin 2009

Íslenska fyrirtækið Mentis Cura

hlaut Nýsköpunarverðlaun Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs fyrir árið 2009 sem afhent voru á Nýsköpunarþingi. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun aðferða til greiningar á heilabilunum með heilartum og nútíma-myndgreiningartækni. Mentis Cura styður við greiningu Alzheimer sjúkdómsins og ofvirkni í börnum með viðamiklum rannsóknum og þróun reikniritra.

Kristinn Johnsen stofnaði Mentis Cura árið 2004 ásamt Lyfjaþróun hf. Kristinn gegnir nú stöðu framkvæmdastjóra en starfsmenn fyrirtækisins eru sjö talsins.

Metþátttaka var á þinginu en um 250 manns voru viðstaddir verðlaunaafhendinguna.

Á síðasta ári hlaut ORF Líftækni Nýsköpunarverðlaunin, CCP hlaut verðlaunin árið 2005 og Bláa Lónið árið 2000.



Orri Arnórsson sigraði nemakeppni Kornax 2009

Orri Arnórsson hjá Bakstri og veislu fór með sigur af hólmi í nemakeppni Kornax í bakstri sem fram fór í Hótel- og matvælasjólanum í Kópavogi 20. mars síðastliðinn. Í öðru sæti varð Sævar Ingi Rúnarsson hjá Bakaríinu við brúnna og í því þriðja hafnaði Axel Þorsteinsson hjá Kökuhorninu.

Að keppninni standa Kornax, Hótel- og matvælasjólinn, Klúbbur bakarameistara og Landssamband bakarameistara. Að þessu sinni tóku alls sjö



bakaranemar þátt í keppninni og stóðu sig með prýði.

Landssamband bakarameistara og Samtök iðnaðarins óska öllum keppendum hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur.

Iðning 2009

Iðning Samtaka iðnaðarins fór fram á Grand hóteli þann 5. mars síðastliðinn. Svanhildur Hólm Valsdóttir og Sölvi Tryggvason voru fundarstjórnar og leiddu umræðuna á þinginu.



Formaður SI Helgi Magnússon í viðtali

Helgi Magnússon formaður SI lagði áherslu á að endurnýja þyrfti gömul gildi og skapa nýtt samfélag á þeim grunni. Vaxtalækkun væri lífsnauðsynleg fyrir atvinnulíf og heimili og verðbólgu verði að lækka hratt. Bankakerfið sé ein af lífæðum atvinnulífsins og endurreisa og afnema þurfi gjaldeyrishöft. Útrás megi ekki verða að skammaryrði og mörg fyrirtæki hafi staðið fyrir farsælum fjárfestingum og viðskiptum við útlönd. Þá þurfi að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið og endurskoða gjaldmiðilsmál. Tilraunin með íslensku krónuna hafi mistekist.

Þá gagnrýndi Helgi fjölmiðla og stjórnáramenn fyrir að einblína um of á neikvæða hluti og draga þannig kjark úr fólki. Sem dæmi nefndi hann að almenníngur hafi óttast gjaldþrot ríkissjóðs þegar tölum um 2-3 þúsund milljarða skuldir ríkissjóðs hafi verið haldið á lofti í fjölmiðlum. Síðan hafi útreikningar sýnt að skuldirnar væru í raun 465 milljarðar eftir að tillit hafi verið tekið til fjárlagahalla ársins í ár. Það sé ósanngjarnt að íslensk heimili og atvinnulíf þurfi að taka afleiðingunum, en horfast þurfi í augu við staðreyndir og hefja uppbygginguna.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra ítrekaði mikilvægi þess að Íslendingar nýttu endurnýjanlegar orkulindir sem yrðu eftirsóttari eftir því sem fram í sækta. Hann sagðist sannfærður um að olíu og gas væri að finna á Drekasvæðinu. Spurningin væri einungis í hversu miklum mæli. Alþingismenn mættu vel hlæja að þessum fullyrðingum. „En Ísland verður orðin olíuþjóð áður en mínir fætur verða kaldir.“



Það féll í góðan jarðveg þegar Samtökin ákváðu að túlka það sem fram fór á Iðningi

Iðnaðarráðherra sagði enn fremur frá miklum fjölda hugmynda í nýsköpun sem ráðuneytinu hefði borist eftir hrun bankanna. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að styrkja sprotafyrirtæki svo þau gætu vaxið og dafnað. Ekki síst á lokaþretti þróunar vöru og við gerð markaðsáætlaða.

Ólafur Kr. Ármannsson viðskiptaristjóri hjá Fréttablaðinu svaraði gagnrýni á fréttaflutning á þann veg að fjölmiðlar endurspegluðu það sem væri í gangi í þjóðfélaginu hverju sinni. Leitun geti verið að góðum fréttum. „En þær hafi þó alveg ratað í fjölmiðla.“ Hann sagðist þó ekki viss um að gagnrýni ætti að beinast að fjölmiðlum. Þeirra hlutverk sé að segja fréttir, en ekki matreiða þær. Fyrir hrun bankanna hafi fjölmiðlamenn verið

að evrópsku myntsamstarfi. Það þurfi að eiga sér stað eins skjótt og kostur er.

Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi, sagði á þinginu að það væri alger miskilningur að nýsköpun í atvinnulífinu og stóriðja færu ekki saman. Þvert á móti hafi álverin verið vettvangur fyrir sprotafyrirtæki. Fjölmargar vélar og tæki, sem hafi mikla þýðingu fyrir framleiðsluferlið í Straumsvík, séu íslensk hönnun. Nokkrir hugvitsamir starfsmenn álversins hafi stofnað fyrirtækið Stími sem hanni og framleiði háþróaðan, tölvustýrðan vélbúnað sem hafi stórbætt framleiðsluferli fyrirtækisins. Sumar uppfinningar þeirra hafi vakið verulega athygli í áliðnaði á heimsvísu og fyrirtækið selji nú vélar og tæki í álver út um allan heim.

Uppbygging ál- og orkuviðnaðar á Ís-

„Við bara nennum þessu ekki lengur“

Jón G. Hauksson hjá Frjálsri verslun um nauðsyn þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Íslendingar vilji ekki ganga í gegnum aðra eins kreppu og nú.

stoltir af útrásarfyrirtækjunum og haft gaman af því að fylgja þeim eftir. Þeir hefðu þó ekki gleymt sér í klapliðinu.

Ólafur Ísleifsson hagfræðingur ítrekaði að eflar yrðu stoðir atvinnustarfsemi í landinu. Efnahagsstefna stjórnvalda verði að miðast við að atvinnustarfsemi fái vaxið og dafnað í krafti eigin samkeppnishæfni en ekki á grundvelli verndarstefnu eða aukinna opinberra útgjalda. Endurreisn blasi við með lækkun stýrivaxta. Bæta þurfi skattalegt umhverfi til atvinnurekstrar, gera bankana starfhæfa og veita atvinnulífinu samkeppnishæfa þjónustu til rekstrar og uppbyggingar. Afnema þurfi gjaldeyrishöft og samninga við eigendur krónubréfa til að greiða fyrir frjálsum gjaldeyrisviðskiptum. Þá muni samningar við Evrópusambandið um gjaldeyrisáttvilni tryggja Íslendingum aðild

landi hafi átt stóran þátt í að efla verkfræðipekkingu á Íslandi á undanföllum áratugum.

Gylfi Zoega hagfræðingur ræddi um deilumál við Breta, Hollendinga og erlenda lánadrottna. Óvissa með úrlausn



Gylfi Zoega, ...Við þurfum að hafa aðgang að erlendu fjármagni, starfhæft bankakerfi, traust og trúnað í útlöndum og peningakerfi sem þolir þessa alþjóðavæðingu sem við förum út í.

þeirra og framtíðarskuldbindingar hefði slæm áhrif á almenning. Upplýsingagjöf embættismanna blandist þar á ofan gjarnan saman við pólitík. Hann sagði Þjóðhagsstofnun hafa varað við sams konar atburðarrás. Þekkingin hefði verið til staðar þar. Þekking sem skorti hjá ríkinu. Hagfræðin hefði þó ekki brugðist eins og haldið hefði verið fram, heldur hafi skilaboðin ekki verið tekin alvarlega.

Gylfi lagði áherslu á að bankakerfi landsins þurfi að vera í lagi og nauðsynlegt sé að hafa lánstraust í útlöndum. Samskipti við nágrannalöndin þurfi líka að vera góð. Semja þurfi við erlenda lánadrottna því ríkið geti ekki borið þær skuldir. Framtíðin sé annaðhvort með höftum eða með aðild að Evrópusambandinu. Góð lífskjör geti verið í boði fyrir Íslendinga þegar búið sé að laga efnahagsreikningana.



Svipmyndir frá Iðnþingi



Kristín Ingólfssdóttir rektor við Háskóla Íslands fjallaði um reynslu annarra þjóða af efnahagsáföllum. Virkasta andsvar þeirra við krepputímum hafi verið að efla menntun, rannsóknir og nýsköpun. Háskólinn fylgi nú stefnu sem mótuð var fyrir þremur árum um afburðaárangur á þeim sviðum. Á tímabilinu hafi birtingum greina um niðurstöður vísindarannsókna fjölgað um 68% í kröfuhörðum alþjóðlegum tímaritum. Meira en helmingi fleiri styrkir hafi fengist úr erlendum samkeppnissjóðum og sértekjur hafi aukist verulega. Í samanburði við önnur lönd þyrftu doktorsnemar þó að vera fleiri hér á landi. Á síðast ári hafi þeir verið 23 en ættu að vera 62-100.

Kristín benti á að fjöldi sprotafyrirtækja hefði myndist við þróun vísindarannsókna. Það þurfi líka að huga að því sem vel hafi tekist. Endursköpun sé annað form nýsköpunar og verðmætasköpunar. Íslendingar séu meðal annars leiðandi í heiminum í nýtingu endurnýjanlegrar orku.

Arna Schram blaðamaður á Viðskipta- blaðinu sagði mikilvægt að styðja Ísland og samfélagið allt, meðal annars með því að kaupa íslenskar vörur, en þær þurfi að vera samkeppnishæfar. Umræðan um Evrópusambandið sé föst í ákveðnum hjólförum og virðist hafa dottið niður í samfélaginu. Framþróun þurfi að verða í þeim málum. Meirihluti sé nú ekki hlynntur inngöngu í ESB. Samfylkingin sé einn stjórnsmálaflökka sem hafi haldið málinu á lofti. Skynsamlegt sé að fara í viðræður og athuga hvað fengist út úr þeim. Niðurstaðan yrði borin undir þjóðina.

Jón G. Hauksson frá Frjálsri verslun sagði mjög mikilvægt að missa ekki niður hringrás landsframleiðslu. Samkeppnishæfni hafi aukist með lækkun launa. Koma þurfi stýrivöxtum niður í 1% svo atvinnulífið kafni ekki. En auka þurfi framleiðni í iðnaði

Þá sé mikilvægt að kaupa íslenskar vörur og ákveðin bjartsýni skipti máli.

„Ef við búum við 10% atvinnuleysi þá eru 90% með atvinnu á Íslandi.“

Aðild að Evrópusambandinu er algjör nauðsyn að mati Jóns. Evra sé ekki skammtímalausn fyrir krónuna, en byggja þurfi upp framtíðarsýn þar sem nokkur ár muni líða áður en Ísland fengi að taka upp evru. Umsókn í ESB og upp-taka evru sé forvörn fyrir íslenska þjóð og íslenskt atvinnulíf sem ekki vilji ganga í gegnum aðra eins kreppu og nú. „Við bara nennum þessu ekki lengur.“

Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyfir Invest sagði að aðild Íslands að Evrópusambandinu er ekki valkostur heldur brýn nauðsyn. „Aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að stjórn efnahagsmála á Íslandi hefur aukið traust á okkur en það sama myndi gerast með aðildar-umsókn okkar að Evrópusambandinu. Við eigum mikið undir því að öðlast traust á alþjóðavettvangi,“ sagði Þórður og bætti við að óbreytt ástand gengi ekki til lengdar. „Án aðildar munu fyrirtækin okkar ekki geta vaxið nema flytja höfuðstöðvar til útlanda. Einhliða upptaka evru er heldur ekki valkostur.“

Þórður lagði þunga áherslu á að bætt lífskjör þjóðarinnar héldust í hendur við árangur okkar í alþjóðavæðingu og frekari útflutningi. „Mælikvarði á árangur er aukning útflutningsverðmæta fremur en vöxtur í landsframleiðslu. Það eykur getu okkar til að greiða niður erlendar skuldir og auka velmegun,“ sagði Þórður.

ÍAV C-Vottað



Innan um „Svarta gullið“ - starfsmenn ÍAV í námu á Rauðamel

Íslenskir aðalverktakar hafa fengið heimild til að CE merkja steinefni sem framleitt er fyrir steinsteypu. Það er fyrsta fyrirtækið innan SI sem hlýtur vottunina. Eyjólfur Bjarnason, gæðastjóri ÍAV, segir að henni fylgi aukið eftirlit og auðveldara sé að bregðast við ef eitt-hvað fari úrskeiðis.

„Við erum búin að vera í þessu ferli í heilt ár, setja upp gæðakerfi, aðlaga framleiðsluna og auðvela rannsóknir á þessum efnum,“ segir Eyjólfur. Forúttekt hafi verið gerð fyrir gæðakerfið í

nóvember en aðalúttektin hafi farið fram í febrúar.

„Fyrst og fremst þýðir þetta að við erum vissari um að efnið sem við framleiðum sé það sem við lofum að afhenda.“

Fyrir þau fyrirtæki sem horfi til erlendra markaða sé CE vottun auk þess vegabréfið til útflutnings.

Starfsmenn námunnar eru lykilmenn í því ferli að kerfið virki. „Þetta stendur og fellur með þeim,“ segir Eyjólfur að lokum.

Námsheimsóknir – tækifæri til tengslamyndunar í Evrópu

Á hverju ári gefst sex til sjö Íslendingum kostur á að fara í námsferð til Evrópu og er sérstök áhersla lögð á að aðilar vinnumarkaðarins nýti sér ferðirnar.

Námsheimsóknirnar, sem áður voru starfræktar undir heitunum ARION og CEDEFOP, hafa verið sameinaðar og eru nú hluti af Menntaáætlun ESB.

Um er að ræða þriggja til fimm daga heimsóknir lítilla (hámark 15 manna) hópa sérfræðinga og ákvarðanatækenda frá Evrópu til tiltekins Evrópulands með það að markmiði að kynnast mennta- eða fagsviði í einu landi auk þess að stuðla að tengslamyndun þátttakenda og móttakenda.

Sérstök áhersla er lögð á að aðilar vinnumarkaðarins hér á landi nýti sér ferðirnar. Um 300 ólíkar námsferðir eru nú í boði og eru allar nánari upplýsingar og yfirlit yfir námsheimsóknir á vefsíðu

CEDEFOP og þar eru einnig umsóknar- eyðublöð sem fylla þarf út rafrænt jafnframt því að skila útprentuðu og undirrituðu eintaki af umsókn til Landskrifstofu.

Nú hefur verið auglýst eftir umsókn- um fyrir næsta skólaár 2009 til 2010. Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2009 og eru stjórnendur og leiðbeinendur í starfsmenntun hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um námsheim- sóknirnar veitir Ásta Sif Erlingsdóttir, verkefnisstjóri í síma 525 4227.

Námsheimsóknirnar eru ein af þver- áætlunum Menntaáætlunarinnar og er þeim ætlað að styðja við stefnumótun og samstarf í Evrópu með tilvísun í Lissabon ferlið, Menntun og þjálfun 2010, Bologna og Kaupmannahafnar yfirlýsingarnar.

Örnámskeið vinsæl- ust á Menntatorgi

Svokölluð örnámskeið voru vinsælust á Menntatorgi sem haldið var á vegum samstarfshóps um menntunarræði 6. mars síðastliðinn. Þar voru veittar upplýsingar um nám og persónuleg ráðgjöf fyrir atvinnulausa. Meðal annars var boðið upp á örnámskeið í parketlögnum, suðuþjálfun, raunfærnimati og kjöt- skurði. Námskeiðin eru um 45 mínútur hvert og voru afar vel sótt að sögn Hildar Elínar Vignis, framkvæmdastjóra Iðunnar.

„Menntatorgið tókst mjög vel, það var vel skipulagt og greinilega margt sem vakti áhuga,“ segir Hildur Elín. Greini- legt hafi verið að örnámskeiðin hafi farið vel í almenning og þau hafi fengið góðar viðtökur. Á Menntatorgi var einnig vinnustofa og upplýsingatorg auk þjón- ustuskrifstofu Vinnumálastofnunar. Þá var boðið upp á barnahorn fyrir yngstu kynslóðina.



www.menntatorg.is

Vefsetrið www.menntatorg.is hefur verið opið um skeið, en það var sett á lagg- irnar af samstarfshópnum. Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf fyrir atvinnulausa.

Við hrun íslensku bankanna þótti ljóst að íslenskt samfélag myndi ganga í gegnum miklar hremmingar með meira atvinnuleysi en áður og því ákvað stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að setja af stað samstarfshópinn sem skipaður er fulltrúum samtaka atvinnu- rekenda og launafólks, Vinnumálastofnunar, menntamálaráðuneytis, Starfs- menntaráðs, fræðsluaðila og fræðslu- sjóða.

Rannsóknir á sviði Evrópufræða

Tvær ungar konur hlutu styrki til loka-verkefna í meistaranámi í Evrópufræðum sem Alþjóðamálastofnun og Samtök iðnaðarins afhentu í gær. Dagbjört Hákonardóttir hlaut styrk fyrir verkefni um hvaða úrræði aðildarríki innan Evrópu-sambandsins njóta vegna sérstakra aðstæðna og Jóhanna A. Logadóttir fyrir verkefni um áhrif reglugerða ESB á íslensk sveitarfélög.

Markmið verkefnisins er að gefa nemendum á meistarastigi tækifæri til að vinna að rannsóknum sem í senn standast ýrustu fræðilegu kröfur og beina sjónum að hagnýtum og knýjandi spurningum sem íslenskt atvinnulíf og samfélag varðar um.

„Fyrir nemendurna er styrkurinn mikil hvatning og auðveldar þeim að skila frá sér betra verki,“ segir Pía Hansson, starfandi forstöðumaður Alþjóðamála-



Jóhanna A. Logadóttir og Dagbjört Hákonardóttir með Jóni Steindóri, Píu Hansson og Baldri Þóhallssyni frá Alþjóðamálastofnun HÍ.

stofnunar og Rannsóknaseturs um smá-ríki.

Styrkuppheðin miðast við úthlutun Nýsköpunarsjóðs námsmanna til þriggja mánaða, en það eru um það bil 390 þúsund krónur. Við úthlutun styrksins er horft til fræðilegs og hagnýts gildis verkefnisins, skýrleika rannsóknaráætlunarinnar og greinargerð um það hvernig verkefnið muni nýttast íslensku atvinnulífi og samfélagi. Styrkirnir veita þannig nemendum tækifæri til að tengja rannsóknarverkefni sín atvinnulífinu þannig að báðir aðilar hagnist.

Ísland fær undanþágu frá hvíldartíma ökumanna

Fastanefnd EFTA ríkjanna hefur samþykkt að Ísland fái undanþágu frá reglum Evrópusambandsins um akstur og hvíld atvinnubílstjóra. Sérstaða Íslands í samgöngumálum með tilliti til vegakerfis og aðstæðna atvinnubílstjóra til hvíldar er þar með viðurkennd og þykir mjög frábregðin því sem gerist á meginlandi Evrópu. Þá getur íslenskt veðurfar sett strik í reikninginn. Þetta kemur fram á vef SA.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
03. tbl. 15. árg. Mars/Apríl 2009
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 3.04.2009
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófaralestur: Sigríður Guðlaugsdóttir, Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlur er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Afstaða til Helguvíkur jákvæðari

Afstaða samfélagsins til framkvæmda í Helguvík er mun jákvæðari en áður samkvæmt því sem Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðurlás, segir í Viðskiptablaðinu 20. mars. Mikill almennur áhugi sé á að verkefnið nái fram að ganga, þó gagnrýnisraddir heyrist líka.

„Við sjáum ekki annað en að það sé áhugi innan allra stjórnmalaflokka og sérstaklega í Suðurkjördæmi og á höfuðborgarsvæðinu.“

Það sé þó ljóst hrinda þurfi verkinu af stað. Það hafi jákvæð áhrif á fólk. „Á meðan fólk sér ekki fram úr núverandi ástandi heldur það að sér höndum en vonandi getur verk sem þetta ásamt ýmsum öðrum verkefnum sem unnið er að komið hreyfingu á hlutina,“ segir Ragnar.

Fjárfestingasamningur sem nú bíði afgreiðslu Alþingis hefði mikið að segja um framvindu verksins. Það sé slæmt ef ekki náist að afgreiða málið á þessu þingi og hefði áhrif á framgang verksins.



Eftirsjá að góðum félögum

„Það eru vissulega vonbrigði að Múrara-meistarafélag Reykjavíkur hafi ákveðið að segja sig úr SI. Því miður óttast ég að úrsögnin sé hvorki SI né Múrara-meistarafélaginu til heilla“, segir Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI.

Alltaf sé eftirsjá af góðum félagsmönnum. „Hið fornkveðna á við hér sem annars staðar að sameinaðir stöndum vér en sundraðir föllum vér.“

Jón segir Samtökin hafa unnið mjög ötulst starf í þágu mannvirkjagreina á undanföllum misserum. Þau eigi mjög í vök að verjast um þessar mundir og SI hafi náð talsverðum árangri sem muni gagnast múrarameisturum jafnt sem öðrum. Því starfi verði haldið ótrauðu áfram.

Samtök iðnaðarins standi áfram opin þeim múrarameisturum sem óski eftir að vera félagsmenn. „Ég óska Múrara-meistarafélagi Reykjavíkur alls hins besta í framtíðinni þótt leiðir skilji.“

Reglugerð ESB verður því innleidd hér á landi og í norðurhluta Noregs með meiri sveigjanleika en í öðrum ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu.

Samgönguráðuneytið sendi undanþágubeiðni til ESA þann 14. apríl 2008. Í skýrslu sem ESA fól sérfræðingum að gera var lagt mat á hvort hætta væri á auknum umferðarslysum og hvort umferðaröryggi væri stefnt í hættu ef fallist yrði á undanþágubeiðnina. Áhersla var lögð á að atvinnubílstjórar í land- og fólksflutningum hér á landi geti yfirleitt náð ákvörðunarstað á einum degi, ólíkt því sem gerist í Evrópu. Veðurskilyrði geti hins vegar hægt á akstri og tíma-mörk skapað streitu og þannig haft áhrif á umferðaröryggi. Þá var tekið fram að ólíklegri væri að syfja sækti á ökumenn á Íslandi þar sem akstur á íslenskum vegum væri ekki eins einhæfur og á meginlandinu.

Á þeim forsendum var mælt með að undanþágan yrði veitt. Því hafnaði Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, en fastanefndin ákvað að samþykkja beiðnina.

Controlant hlaut Gulleggið 2009



Verðlaunahafar ásamt Jóni Steindóri Valdimarssyni, framkvæmdastjóri SI, Finnoga Jónssyni framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra Reykjavíkur

Viðskiptahugmynd Controlant sem byggir á ferilvöktun á ferskum matvælum varð hlutskörpust í frumkvöðla-keppni Innovit 21. mars síðastliðinn og hlaut þar með Gulleggið. Alls bárust yfir 100 hugmyndir en tíu kepptu til úrslita.

Hugmynd Controlant er ætlað að auðvelda útflutning á ferskum fiski með skipum. Tæknin byggir á því að nemum er komið fyrir í vörunni sem segir til um hvar hún er stödd og upplýsingar um hitastig. Hitabilið sem varan þarf að geymast á er mjög þröngt. Með því að geta alltaf séð í rauntímaástand vörunnar er hægt að bregðast strax við ef breytingar verða og þar með koma í veg fyrir tjón. Tæknin gefur einnig möguleika á að rekja feril vörunnar og leggja fram gögn til væntanlegra kaupenda um ástand hennar frá framleiðanda. Að verkefninu standa Erlingur Brynjólfsson, Gísli Herjólfsson og Trausti Þórmundsson, Stefán Karlsson og Atli Þór Hannesson.

Í öðru sæti varð hugmyndin

Responsible surfing sem er ætluð for-eldrum unglunga til að stjórna netnotkun í gegnum farsíma. Kerfið getur til dæmis takmarkað MSN sendingar við ákveðinn tíma sólahrings og gefur einnig möguleika á að fylgjast með hvar síminn er staddur. Netnotkun barna og unglunga er vaxandi vandamál. Þróunin er sú að notkunin færir í auknum mæli úr heimilistölvum í farsíma sem gerir vöktun for-eldra enn erfiðari.

Í þriðja sæti varð Risk sem er aðferð sem er verið að þróa til að auðvelda læknum að meta þörf á endurkomu sjúklunga með sykursýki til eftirlits vegna hættu á sjónskerðingu eða blindu. Mikilvægt er að sjúklingar komi reglulega til eftirlits. Það er hins vegar mjög mismunandi hversu oft þeir þurfa að koma og er verkefninu ætlað að fækka komum sjúklunga til læknis án þess að stefna heilsu þeirra í hættu.

Af þeim fjölda áhugaverðra tillagna sem barst má nefna **Vigur** sem er gagnvirt forrit ætlað til stærðfræðikennslu, **Lifandi ráðgjöf** sem er vímuefna fræðsla og **Hestaleikhús**.



Mikilvæg greiðsluaðlögun samþykkt á Alþingi

Alþingi hefur samþykkt mikilvæga greiðsluaðlögun vegna greiðslu vörugjalda og aðflutningsgjalda í tolli. Samkvæmt lögunum er greiðslum ýmist skipt í tvennt eða þrennt.

„Breytingin er til mikilla bóta og mun létta mörgum fyrirtækjum lífið,” segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI. Hann fagnar því að fleiri gjalddagar séu lögfestir og ekki gert ráð fyrir neinum vaxtagreiðslum eins og upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir”

„Við vildum að vísu ganga enn lengra og láta þessar breytingar taka til alls virðisaukaskatts, þ.e. innanlandsviðskiptanna líka en það hafðist ekki í gegn og er það miður.”

Þeir sem hafi greitt gjöld sín að fullu þann 15. mars eigi rétt á endurgreiðslu þannig að allir muni sitja við sama borð. Þá sé mikilvægt að nú viti menn hvernig þessum málum verði háttað út þetta ár. Greiðsluaðlögunin á rætur að rekja til samtala SI og SVÞ við fjármálaráðherra og fjármálaráðuneytið og tillagna sem samtökin settu fram.

Hugsmiðjan gegn svikum og spillingu

Hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjan hefur gert samning við evrópsk samtök á heilbrigðissviði gegn svikum og spillingu í Evrópu.

Í tilkynningu frá Hugsmiðjunni segir að Tryggingastofnun ríkisins sé meðal aðila að samtökunum European Healthcare Fraud & Corruption Network. Höfuðstöðvar þeirra eru í Brussel en aðildarstofnanir og félög eru 30 í 16 löndum þar sem yfir 350 milljónir manns búa.

Hugsmiðjan mun sjá um ráðgjöf, hönnun og forritun á nýjum vef samtakanna sem byggður verður á íslenska vefum-

sjónarkerfinu Eplica. Vefur SI er einmitt byggður á því kerfi.

Nýr vefur mun geyma upplýsingar um samtökin ásamt því að vera aðgangsstýrður samráðsvettvangur fyrir fagaðila í Evrópu sem vinna gegn trygginga-svikum og spillingu á heilbrigðissviði.

„Þetta er bara byrjunin hjá Hugsmiðjunni,” segir Ragnar Marteinsson, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, um þátttöku í útflutningi á íslensku hugviti. Mikil viðurkenning felist í samningnum á samkeppnishæfni íslensks hugvits við það besta í Evrópu.

Fleiri iðn- og tæknimenntaða!

Draga mun úr þörf evrópskra fyrirtækja fyrir iðnmenntað starfsfólk til ársins 2015. Á sama tíma mun þörfin aukast fyrir tæknimenntað háskólaafólk. Þetta kemur fram í skýrslu CEDEFOP (Evrópsku starfsmenntastofnuninni) frá síðasta ári.

Skýrslan er byggð á samhæfðri rannsókn stjórnvalda, samtaka atvinnurekenda og launafólks í ESB ríkjunum 25, auk Noregs og Sviss. Ísland var ekki þátttakandi í vinnu að rannsókninni.

Í ljós kemur að búist er við jafnri fækkun á störfum iðnmenntaðra, eða um 6,5%, til ársins 2015. Hins vegar er gert ráð fyrir töluverðri fjölgun tæknifólks með háskólamenntun, eða sem nemur 16,5%. Þessar niðurstöður eru til vitnis um að þeim störfum í iðnaði fjölga þar sem gerðar eru auknar tæknilegar kröfur.

Niðurstöðurnar staðfesta mikilvægi þess að fjölga iðnmenntuðum hér á landi.


Eitt stingur sérstaklega í stúf við þá fullyrðingu að Íslendingar séu vel mennt-

uð þjóð. Miklu hærra hlutfall íslenska vinnumarkaðarins en í samanburðarlöndum okkar er án formlegrar menntunar og þjálfunar.

Þetta ástand er dýrt og leiðir til sóunar. Það er kostnaðarsamt fyrir fyrirtæki að ráða ómenntað og illa þjálfað fólk. Mikill tími fer í tilsögn og vinnustundum, efni og tækjum sóað. Starfsfólk finnur sig illa í starfi og hverfur því fljótt annað.

Mikilvægt að hvetja ungt fólk til iðnnáms

Andstætt samanburðarþjóðum okkar er nauðsynlegt að fá fleiri og betri nemendur til að velja iðn- og tækninám á framhaldsskólastigi. Ísland þarf auk þess fleira fólk til formlegra starfa í iðnaði á næstu árum. Störf í iðnaði gera kröfur um þekkingu og færni sem verður að mæta með formlegu námi. Sú tíð verður



brátt liðin að iðnaðurinn þurfi að reiða sig á starfsfólk sem kann lítið til verka.

Þörf fyrir fleiri raungreina-menntaða á Íslandi

Samtök iðnaðarins hafa undanfarinn áratug barist fyrir því að fjölga háskólamenntuðu tæknifólki, meðal annars með aðkomu að sameiningu gamla Tækniskólans og Háskólans í Reykjavík svo að úr varð öflugur verk- og tæknifræðiháskóli.

Ljóst er að slá þarf enn fastar í klárinn á þessu sviði, sérstaklega í ljósi þess að samanburðar- og samkeppnislönd okkar sjá fram á nauðsyn þess að fjölga tæknimenntuðu háskólaafólki fram til 2015.

Styrkir til vinnustaðakennslu

Samtök iðnaðarins auglýsa styrki til iðnfyrirtækja sem annast vinnustaðakennslu. Styrkirnir eru veittir til að efla kennslu og þjálfun í iðngreinum sem fyrirtæki hafa þörf fyrir en erfitt er að fá nemendur í.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á www.si.is/vinnustadakennsla.

Einnig veitir Ingi Bogi Bogason upplýsingar í síma 591 0126.



Umsóknarfrestur: 24. apríl 2009



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Stjórn SI krefst hraðara vaxtalækkunarferlis


Stjórn Samtaka iðnaðarins lýsir yfir miklum vonbrigðum með að Seðlabanki Íslands skuli ekki ganga miklu lengra í lækkun stýrivaxta en ákveðið var 19. mars síðastliðinn.

Í yfirlýsingu stjórnarinnar segir: „Allar forsendur eru til þess að lækka vexti hraustlega. Verðbólga er á hraðri niðurléið, eftirspurn í hagkerfinu hefur skroppið saman og atvinnuleysi eykst.

Fyrirtækin eru að kíkna undan ofurvöxtunum sem hafa hækkað í raun á undanföllum mánuðum í takti við fallandi verðbólgu. Vaxtamunur milli Íslands og samkeppnislandanna er orðinn fáránlega mikill.

Stjórn Samtaka iðnaðarins krefst þess að Seðlabankinn horfi fram á veginn og hefji án frekari tafa hraða vaxtalækkun.“

Stuðningur við aðildarviðræður í hámarki



Nálægt þrír af hverjum fjórum Íslendingum eru hlynntir því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið. Stuðningurinn við viðræður hefur ekki verið meiri í sex ár. Á hinn bóginn eru þeir nú fleiri sem segjast andvígir en hlynntir aðild að ESB.

Þegar spurt er um hvort taka eigi upp

evru er niðurstaðan ótvíræð. Þá eru mun fleiri þeirra skoðunar að aðild að ESB muni hafa jákvæð áhrif á eigin lífshæð og einnig á efnahag þjóðarinnar í heild.

Könnunina gerði Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins í febrúar. Niðurstöður hennar í heild sinni er að finna á vefsetri SI.

Byggingaiðnaður má ekki stöðvast

Samdráttur í atvinnulífinu bitnar fyrst og oft verst á byggingariðnaðinum. Í þeirri krepplu sem við stöndum nú frammi fyrir er þessi lægð sérstaklega erfið þar sem mikill vöxtur hefur verið í greininni undanfarin ár. Í byggingariðnaði og við mannvirkjagerð hafa að undanförunu starfað um 16 þúsund manns hér á landi. Samdrátturinn snertir ekki aðeins iðnaðarmenn og verkamenn heldur einnig verkfræðinga, arkitekta, tækni-fræðinga, viðskiptafræðinga og skrifstofufólk bæði hjá verktakafyrirtækjunum og á verkfræði- og arkitektastofum. Það má því gera ráð fyrir að um 50 þúsund manns byggi afkomu sína á þessum störfum.

Stjórnvöld verða að líta til þess að byggingariðnaður og mannvirkjagerð eru einar af undirstöðugreinum atvinnulífsins. Mikill samdráttur í greinunum hefur gríðarleg margfeldisáhrif og leiðir til enn frekari samdráttar í efnahagslífinu og minni hagvaxtar.

Stjórnvöld, ríki og sveitarfélög geta brugðist við með ýmsum hætti eins og með því að auka fjármagn til verklegra framkvæmda og flýta framkvæmdum í undirbúningi, áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og orkuvera og auka fé til viðhalds opinberra mannvirkja.

Stjórnvöld geta efnt kosningaloforð um

að byggja allt að 1000 íbúðir fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega á kjörtímabilinu. Um leið yrðu fjármunir sem annars færu að hluta til í atvinnuleysisbætur nýttir betur.

Hver opinbera stofnunin á fætur annarri lýsir því nú yfir að starfsfólki verði ekki fækkað, heldur verði dregið úr framkvæmdum og viðhaldi. Það þýðir að opinberir starfsmenn halda vinnunni en almenni markaðurinn, sérstaklega verktakar og framkvæmdaaðilar, þurfa að fækka starfsmönnum.

Ábyrgð stjórnvalda á ástandinu sem nú er að skapast í greininni er mikil og þeim ber skylda til að bregðast við. Takist að koma í veg fyrir hrun greinarinnar mun það skila sér margfalt til baka til samfélagsins.

Forsvarsmenn nágrannaþjóða okkar, sem allar hafa lent í bankaerfiðleikum á síðustu árum, hafa bent á að það sé grundvallaratriði að allt sem mögulegt er verði gert til að lágmarka atvinnuleysi og gjaldþrot heimila og fyrirtækja. Það hafi kostað ríkissjóði þeirra meiri fjármuni þegar upp var staðið, að hafa ekki varist betur á þeim vígstöðvum.

Ásgeir Magnússon
verkefnastjóri byggingasviðs SI
og forstöðumaður á skrifstofu SI á Akureyri

Umræða um óseldar og tómar íbúðir villandi

Fjöldi óseldra og tómrar nýrra íbúða í Hafnarfirði er 444, þar af eru 228 fokheldar eða rúmlega það, en 216 fullbúnar. Margar fullbúna íbúðanna eru í leigu, en teljast með þar sem þær eru á söluskrá. Þetta eru niðurstöður óformlegrar talningar formanns Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði (MIH), en einbýlishús, parhús og raðhús voru undanskilin.

Í yfirlýsingu félagsins segir að kveikjan að talningunni hafi verið neikvæð umræða í fjölmiðlum þar sem oft hafi ekki verið gerður greinarmunur á óbyggðum lóðum og íbúðum sem eru tilbúnar eða í byggingu. „Almennur lesandi hefur túlkað þetta allt saman sem fullbúnar óseldar íbúðir, sem er mikil blekking.“

Í fjölmiðlum er gjarnan stuðst við kannanir Landsbankans frá mánaðamótum júní/júlí 2008. MIH telur alveg fráleitt að svo gömul talning stýri umræðunni um stöðu íbúðamarkaðarins. Margt hafi breyst á þeim tæplega níu mánuðum sem liðnir eru.

Bent er á að áætluð ársþörf fyrir nýjar íbúðir sé um það bil 1.800

Tölurnar voru birtar á síðasta aðalfundi MIH þann 13. febrúar síðastliðinn. Haft var samband við alla verktaka og óskað upplýsinga um fjölda óseldra íbúða auk þess sem staðfestinga var leitað hjá fasteignasölum.

Á fundinum var kjörin ný stjórn, hana skipa Ágúst Pétursson formaður, Jónas Sigurðsson varaformaður, Jón V. Hinriksson gjaldkeri, Jón Þórðarson ritari og Haukur B. Gunnarsson meðstjórnandi. Varastjórn er skipuð þeim Samúel V. Jónssyni, Sveinbergi Gíslasyni og Gísla Ö. Sigurðssyni.

